

Nr. 114 / 12 Flóki**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7721
Smíðaður: Kópavogi 2012 plast
Stærð: brl. 4,37 bt.
Mesta lengd: 7,93 m Skráð lengd: 7,51 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,53m
Vél: Mercury 238 kW 2007 bensín mótor með
hældrifi
Fjöldi skipverja: 4



Flóki©MT

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. október 2012 var vinnubáturinn Flóki á siglingu frá Reykjavík til Keflavíkur. Veður: ASA 8 m/sek.

Þegar báturinn var staddur um 0,7 sml ANA af Gróttuvita urðu bátsverjar varir við reyk sem lagði frá vélinni. Stöðvuðu þeir vélina og settu út dreka. Þar sem ekki tókst að ræsa vélina aftur óskuðu þeir eftir aðstoð og björgunarskipið Þórður Kristjánsson dró Flóka til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að í ljós kom að startarinn hafði fest sig inni þegar vélin var sett í gang og snúist með henni með þeim afleiðingum að hann eyðilagðist.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.